

Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2023
Þriggja ára áætlun 2024-2026
Greinargerð með frumvarpi





Fjárhagsáætlun Garðabæjar í hnotskurn

Farsæld og forvarnir fyrir barnafjölskyldur

Áhersla á snemmtæka þjónustu í þágu barna, stóraukin framlög til sumarfrístundar barna og áhersla á forvarnir í starfi félagsmiðstöðva.

Heilsutengdar forvarnir og virkni fyrir eldra fólk

Áhersla á virkni og heilsuefingu m.a. með auknum framlögum til félaga. Endurbætur á félagsaðstöðu í Jónshúsi.

Ábyrgur rekstur og sterk fjárhagstaða

Jákvæð afkoma í erfiðu efnahagsumhverfi. Fjárhagsstaða bæjarins er traust og skuldahlutfall lágt í samanburði við önnur sveitarfélög. Hagræðing í rekstri stuðlar að ábyrgum rekstri.

Álögur á íbúa og fyrirtæki haldast lágur

Útsvar verður óbreytt í 13,7% og er lægst í Garðabæ meðal stærri sveitarfélaga. Mikil lækkun fasteignaskatta til að veða á móti hækkun fasteignamatsstofns. Gjaldskrár hækka minna en verðlag.

Lifandi mannlíf og menning

Endurbætur á Garðatorgi og aðgerðir til að auka sýnileika miðbæjarins. Frekari framlög til menningarstarfs og skapandi greina.

Vöxtur í velferð

Framkvæmdir við búsetukjarna við Brekkúás og framlag til félagslegs húsnæðis. Aukin framlög til þjónustu við fatlað fólk og vegna móttöku flóttamanna.

Áhersla á umhverfi og sjálfbærni


Fyrsti áfangi uppbyggingu nýs fráveitukerfis og hreinsistöðvar á Álftanesi. Áframhaldandi uppbygging stígakerfisins, fjárfesting í loftgæðamæli og umhverfisvænni útfærsla á sorpflokkun.




Fjárhagsáætlun Garðabæjar í hnotskurn

Ábyrgur rekstur og sterk fjárhagsstaða

Rekstrarniðurstaða, m.kr.




Rekstrartekjur og -gjöld á hvern íbúa




Skuldahlutfall

Samkvæmt ■ útkomuspá 2022 og ■ fjárhagsáætlun Garðabæjar 2023



Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum

Samkvæmt ■ útkomuspá 2022 og ■ fjárhagsáætlun Garðabæjar 2023



*Seltjarnarnes samkvæmt áætlun 2022

Rekstur og fjárhagsstaða


- Á spátímabilinu 2023-2026 er áætlað að rekstrarniðurstaða verði áfram jákvæð á bilinu 589-797 m.kr. á ári.
- Hagræðing um 150 m.kr. er hluti af áætlunum bæjarins.
- Garðabær er langt innan viðmiða bæði hvað varðar skuldareglu og jafnvægisreglu um heildarútgjöld til reksturs. Í samanburði við önnur sveitarfélög verður skuldahlutfall Garðabæjar áfram lágt eða 112% miðað við fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.
- Sjóðsstreymi Garðabæjar er hærra en annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu miðað við útkomuspá ársins 2022. Sterkri stöðu sjóðstreymis fylgir geta bæjarins til fjárfestinga.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar í hnotskurn


Lágar álögur á íbúa og fyrirtæki. Lækkun fasteignaskatta og lægsta útsvar meðal stærri sveitarfélaga

Útsvar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 2023



Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu

M.v. nýjstu upplýsingar*



Útsvar

Gert er ráð fyrir óbreyttu álagningarhlutfalli útsvars, 13,7%, sem er lægst meðal stærri sveitarfélaga landsins.



Fasteignaskattar íbúa

Gert er ráð fyrir lækkun allra fasteignaskatta þ.e. lækkun á álagningarhlutfalli fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis, holræsagjaldi og vatnsgjaldi fyrir íbúa Garðabæjar.



Gjaldskrá

Áætlun gerir ráð fyrir 7% hækkun gjaldskráa sem er lægra en almennar verðlagsbreytingar miðað við 7,7% verðbólgu og því raunlækkun til bæjarbúa.

Fasteignaskattar

Fasteignagjöld
Íbúðarhúsnæðis

| | |
|--------|--------|
| 0,179% | 0,166% |
| Áður | 2023 |

Holræsagjald

| | |
|------|--------|
| 0,1% | 0,085% |
| Áður | 2023 |

Vatnsgjald

| | |
|--------|-------|
| 0,095% | 0,08% |
| Áður | 2023 |

Fasteignaskattar atvinnuhúsnæðis

| | |
|-------|-------|
| 1,55% | 1,52% |
| Áður | 2023 |

Hagur heimila

Miðað við meðaltekjur heimila í Garðabæ 2021 og núverandi meðalútsvar annarra sveitarfélaga skilar lægra hlutfall útsvars um 60 þúsund krónum á ári til hvers heimilis í bænum.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar í hnotskurn

Fjárfestingar til vaxtar og velsældar

Framkvæmdir á áætlun 2023, m.kr.

| Nýframkvæmdir skólabygginga | | Sjálfbærni og öryggi | | Endurbætur húsnæðis... | |
|-------------------------------------|--------------------------------------|----------------------|-----------------|---------------------------|--------------------------------|
| Urriðaholtsskóli, 2.áf, 2.150 | Leikskóli Urriðaból Holtsvegi, 1.200 | Fráveita, 380 | | Skólar og skólalóðir, 600 | |
| | | Annað, 194 | Stígar, 170 | | |
| | | | Vatnsveita, 160 | | |
| | | Velferðarþjónusta | | Annað | |
| Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk, 300 | | Félagsíbúðir, 150 | | Búnaður, 180 | Framkv. v. byggða samlaga, 170 |
| Annað, 75 | | Annað, 140 | | | |

Brot úr fjárhagsáætlun:



Framlög til endurbóta skólahúsnæðis, íþróttamannvirkja og skólalóða þrefölduð milli ára.

- 600 m.kr. framlag til endurbóta skólamannvirkja og lóða.
- 170 m.kr. til endurbóta íþróttamannvirkja.



Fjölgun stöðugilda í eignasjóði til að mæta auknum endurbótaáherslum.



Miklar framkvæmdir í stækkandi bæ.

- Annar áfangi Urriðaholtsskóla 2.150 m.kr.
- Nýr leikskóli við Holtsveg 1.200 m.kr.

Garðabær er barnvænt samfélag sem leggur áherslu á öryggi og farsæld barna í þjónustu sem er veitt í þeirra þágu.

DÆMI UM ÁHERSLUR ÚR FJÁRHAGSÁÆTLUN:

- 54 m.kr. varið í úrræði m.a. til að sporna gegn áhættu- og ofbeldishegðun og auka áherslu á snemmtæka þjónustu á grunni farsældarlaga í skólum bæjarins.
- Framlag til endurbóta á skólahúsnæði, -lóðum og íþróttamannvirkjum til að bæta aðstöðu og sporna gegn rakaskemmdum 600 m.kr.
- 6 m.kr. framlag til að fylgja eftir menntastefnu Garðabæjar í skólum bæjarins með áherslu á skýrar aðgerðir í átt að settum markmiðum.
- Stóraukin framlög til sumarfrístundar barna eða sem nemur 20 m.kr. Framlaginu er ætlað að tryggja bættu samhæfingu og auka og breikka framboð námskeiða.
- Aukin áhersla á forvarnir í starfi félagsmiðstöðva með 5 m.kr. framlagi.
- Ávaxta- og grænmetisstund tekin upp í grunnskólum.
- 20 m.kr. viðbótarframlag til starfsemi frjálsra félaga á sviði íþrótt- og æskulýðsmála.
- Hvatapeningar, sem styðja við þáttöku barna í Garðabæ á aldrinum 5-18 ára í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarf hækka í 55 þús. úr 50 þús.

Í Garðabæ er gott og gefandi samfélag fyrir eldra fólk með áherslu á heilsutengdar forvarnir, virkni og einstaklingsmiðaða þjónustu.

DÆMI UM ÁHERSLUR ÚR FJÁRHAGSÁÆTLUN:

- Aukin framlög til félaga eldri borgara (FEBG og FEBÁ) með áherslu á verkefni sem styðja við heilsueflingu og bætt lífsgæði eldri borgara í Garðabæ.
- Stuðningur við verkefni sem miðar að því að auka félagslega virkni eldri borgara sem taka ekki virkan þátt í skipulögðu félagsstarfi eða nýta sér aðra þjónustu við eldri borgara í dag.
- Framlög til nýtingar á stafrænum lausnum (velferðartækni) við veitingu þjónustu til eldri borgara.
- Varið verður 30 m.kr. í endurbætur á aðstöðu fyrir félagsstarf eldri borgara í Jónshúsi.

Við viljum búa í öruggu, snyrtilegu umhverfi og vera í fremstu röð í umhverfismálum og sjálfbærni. Það felast mikil lífsgæði í náttúru Garðabæjar.

DÆMI UM ÁHERSLUR ÚR FJÁRHAGSÁÆTLUN:

- Gert er ráð fyrir 360 m.kr. í fyrsta áfanga uppbyggingu á nýs fráveitukerfis og verja 160 m.kr. í uppbyggingu og viðhald vatnsveitu.
- Stuðningur við vistvænar samgöngur og útivist í bæjarlandinu. 170 m.kr. framlag til uppbyggingar umhverfis- og samgöngustíga og 15. m.kr. í strætóskýli og bættu hjólaaðstöðu.
- Innleiðing á breyttri og umhverfisvænni sorpflokkun.
- Fjárfesting í loftgæðamæli og gönguteljum, 19 m.kr. LED væðing götulýsingar heldur áfram (35 m.kr.).
- Framlag til hljóðvistar og umferðaröryggis, 30 m.kr.
- Framlag til rannsókna á lífríki Vífilstaðavatns og Urriðavatns auk sérstaks framlags til að sporna við ágangi máva.

Fjölbreytt og lifandi mannlíf og menning gerir tilveruna í Garðabæ litríkari.


DÆMI UM ÁHERSLUR ÚR FJÁRHAGSÁÆTLUN:

- Ráðist verður í endurbætur á Garðatorgi fyrir 90 m.kr. Farið verður í aðgerðir til að auka sýnileika miðbæjarins og fjölga viðburðum.
- Áfram aukin framlög til menningarstarfs og skapandi greina. Stuðningur við Hönnunarsafn um öflugt sýningarstarf, m.a. með áherslu á skólaheimsóknir og fræðslu til skólabarna.
- Samstarf við Samtökin 78 um hinsegin fræðslu á vinnustöðvum og í skólum Garðabæjar.
- Áframhaldandi uppbygging fjölnota íþróttahússins Miðgarðs og undirbúningur nýtingar óráðstafaðs rýmis.
- Framlag til tilraunaverkefni um lengri opnunartíma í sundlaugum Garðabæjar.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar í hnotskurn

Ábendingar íbúa mikilvægur þáttur og skila sér í áætlun



Framlag til eflingar sumarfrístundastarfs með fjölgun og fjölbreyttari flóru námskeiða.



Ávaxta- og grænmetisstund tekin upp í grunnskólum. Útfærsla, þ.m.t. mögulega hafragrautur að morgni, verður sett í rýni.



Tilraunaverkefni um lengri opnunartíma sundlauga með vorinu.



Lækkun fasteignaskatta til móts við hækkað fasteignamat.

Efnisyfirlit

Fjárhagsáætlun
í hnotskurn

**Forsendur
áætlunar**

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir




GARÐABÆR



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Vinnuferli 2022



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Ferli og óvissuþættir vegna áætlunar 2023

Fjárhagsáætlun 2023-2026

- Forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar voru lagðar fram í bæjarráði 20. september 2022.
- Frumvarp að fjárhagsáætlun var lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn þann 3. nóvember 2022. Síðari umræða og afgreiðsla áætlunarinnar er í höndum bæjarstjórnar Garðabæjar þann 1. desember 2022.
- Samhliða áætlun næsta árs er jafnframt lögð fram þriggja ára áætlun fyrir árin 2024, 2025 og 2026.
- Við gerð fjárhagsáætlunar að þessu sinni ríkir meiri óvissa um framvindu efnahags- og kjaramála en staðið hefur verið frammi fyrir í áraraðir. Verðbólga á heimsvísu hefur verið hærrí en þekkt hefur í langan tíma og Ísland er þar ekki nein undantekning.

Helstu óvissuþættir

Kjarasamningar



Kjarasamningar á almennum markaði giltu til 1. nóvember 2022 og flestir kjarasamningar á opinbera markaðnum gilda fram til 1. mars 2023. Samningar við kennarafélögin gilda þó til 1. september á næsta ári.

Verðlagsforsendur, vextir og gengi



Verðbólga á árinu hefur aukist mikið, bæði á Íslandi og á heimsvísu. Seðlabankinn hefur gefið skýr skilaboð um að bankinn muni beita vaxtastýringu til að halda aftur af verðbólgu. Vaxtastig hefur því verið hækkandi síðustu misseri á sama tíma og óvíst er hversu hratt verðbólgan mun hjaðna. Breyttar forsendur hagspár er líkleg til að hafa áhrif á forsendur við gerð fjárhagsáætlunar, umfram það sem við á í eðlilegu árferði.

Stríðsátök



Framvinda stríðsátaka í Úkraínu með tilheyrandi fjölgun flóttafólks, hækkandi framleiðslukostnaði, orkukreppu og skorti á ákveðnum vörum hefur mikil áhrif á framvindu efnahagsmála á heimsvísu. Móttaka flóttamanna hefur einnig kallað á aukin útgjöld sveitarfélaganna umfram það framlag sem ríkið greiðir. Flóttamenn með alþjóðlega vernd í Garðabæ eru nú 111.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga samkvæmt sveitastjórnarlögum


Jafnvægisreglan

- Jafnvægisreglan kveður á um að samanlögð heildarútgjöld til reksturs vegna A- og B- hluta yfir þriggja ára tímabil megi ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Það felur í sér að samanlögð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum við fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.
- Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2021 sýndi jákvæða niðurstöðu 408 m.kr. í A og B sjóði. Útkomuspá fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu 1.350 m.kr. fyrir A og B sjóð og framlögð áætlun fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir 589 m.kr. jákvæðri afkomu samstæðunnar.


Skuldareglan

- Skuldareglan kveður á um skyldur sveitarfélaga til að sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. sveitarstjórnarlaga séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Skuldahlutfall Garðabæjar skv. ársreikningi 2021 nam 111%. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að það nemi 104% og samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið verði 112%. Skuldaviðmið nemur 89%.
- Alþingi samþykkti vegna tekjufalls sveitarfélaga og útgjaldaauka vegna Covid-19 að víkja þessum reglum til hliðar tímabundið til ársins 2025 en Garðabær er innan marka upprunalegra viðmiðana bæði hvað varðar jafnvægisreglu og skuldareglu.

Rekstrarjöfnuður/Jafnvægisregla, m.kr.



Skuldahlutfall





Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Forsendur fjárhagsáætlunar

Forsendur fjárhagsáætlunar 2023

- Að niðurstaða fjárhagsáætlunar sýni jákvæða afkomu að því gefnu að helstu hagstærðir þróist ekki á verri veg.
- Að útsvarshlutfall verði áfram 13,7%.
- Að álagningu fasteignaskatta verði haldið eins lágrí og kostur er.
- Að álögum á íbúa verði haldið eins lágum og kostur er.
- Að ítrasta aðhalds verði gætt í rekstri bæjarins.
- Að skuldahlutfall Garðabæjar verði á svipuðum nótum og verið hefur undanfarin ár.
- Að áfram verði unnið að stafrænum lausnum og eflingu annarrar þjónustu sem einfaldar daglegt líf bæjarbúa og bætir lífsgæði þeirra.
- Að fylgt verði samþykktum stefnum Garðabæjar um hin ýmsu mál.

Forsendur fjárhagsáætlunar

| | | | | | | | | | | | | | | |
|--|------------------------------------|--------------|--------------------|------------------------------------|---|---|-------------|---------------------------|------------------------------|---|-------|-------|----------------|------------------------------|
| <p>Rekstrarafgangur</p> <table border="1"> <tr> <td>52 m.kr.</td> <td>589 m.kr.</td> </tr> <tr> <td><i>A-hluti</i></td> <td><i>Samstæða A og B hluti</i></td> </tr> </table> | 52 m.kr. | 589 m.kr. | <i>A-hluti</i> | <i>Samstæða A og B hluti</i> | <p>Veltufé frá rekstri</p> <table border="1"> <tr> <td>2.688 m.kr.</td> <td>3.499 m.kr.</td> </tr> <tr> <td><i>A-hluti</i></td> <td><i>Samstæða A og B hluti</i></td> </tr> </table> | 2.688 m.kr. | 3.499 m.kr. | <i>A-hluti</i> | <i>Samstæða A og B hluti</i> | <p>Veltufé frá rekstri % af tekjum</p> <table border="1"> <tr> <td>11,3%</td> <td>13,5%</td> </tr> <tr> <td><i>A-hluti</i></td> <td><i>Samstæða A og B hluti</i></td> </tr> </table> | 11,3% | 13,5% | <i>A-hluti</i> | <i>Samstæða A og B hluti</i> |
| 52 m.kr. | 589 m.kr. | | | | | | | | | | | | | |
| <i>A-hluti</i> | <i>Samstæða A og B hluti</i> | | | | | | | | | | | | | |
| 2.688 m.kr. | 3.499 m.kr. | | | | | | | | | | | | | |
| <i>A-hluti</i> | <i>Samstæða A og B hluti</i> | | | | | | | | | | | | | |
| 11,3% | 13,5% | | | | | | | | | | | | | |
| <i>A-hluti</i> | <i>Samstæða A og B hluti</i> | | | | | | | | | | | | | |
| <p>Skuldir og skuldb.</p> <table border="1"> <tr> <td>28.947 m.kr.</td> <td>19.359 m.kr.</td> </tr> <tr> <td><i>Samtals</i></td> <td><i>Þar af skuld við lánastofn.</i></td> </tr> </table> | 28.947 m.kr. | 19.359 m.kr. | <i>Samtals</i> | <i>Þar af skuld við lánastofn.</i> | <p>Skuldahlutfall</p> <p>112%</p> <p><i>Áætlun 2023</i></p> | <p>Skuldaviðmið</p> <p>88,6%</p> <p><i>Áætlun 2023</i></p> | | | | | | | | |
| 28.947 m.kr. | 19.359 m.kr. | | | | | | | | | | | | | |
| <i>Samtals</i> | <i>Þar af skuld við lánastofn.</i> | | | | | | | | | | | | | |
| <p>Eiginfjárhlutfall</p> <table border="1"> <tr> <td>0,44</td> <td>0,52</td> </tr> <tr> <td colspan="2"><i>Áætlun 2023</i></td> </tr> </table> | 0,44 | 0,52 | <i>Áætlun 2023</i> | | <p>Kostnaður % af tekjum</p> <table border="1"> <tr> <td>42,6%</td> <td>41,9%</td> </tr> <tr> <td><i>Laun og launat.gj.</i></td> <td><i>Annar rekstrark.</i></td> </tr> </table> | 42,6% | 41,9% | <i>Laun og launat.gj.</i> | <i>Annar rekstrark.</i> | <p>Fjárfestingar</p> <p>6.154 m.kr.</p> <p><i>Áætlun 2023</i></p> | | | | |
| 0,44 | 0,52 | | | | | | | | | | | | | |
| <i>Áætlun 2023</i> | | | | | | | | | | | | | | |
| 42,6% | 41,9% | | | | | | | | | | | | | |
| <i>Laun og launat.gj.</i> | <i>Annar rekstrark.</i> | | | | | | | | | | | | | |

Efnisyfirlit

Fjárhagsáætlun
í hnotskurn

Forsendur
áætlunar

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARÐABÆR







Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Áætluð rekstrarniðurstaða 2022-2026

Rekstrarniðurstaða, m.kr.



Rekstrartekjur og -gjöld á hvern íbúa



Rekstrarniðurstaða

- Samkvæmt útkomuspá er áætluð rekstrarniðurstaða 1.350 m.kr. árið 2022, en það er 922 m.kr. hækkun frá fyrra ári.
- Árið 2023 er áætluð rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir 1.973 m.kr. og rekstrarniðurstaða 589 m.kr.



Tekjur og gjöld á hvern íbúa

- Áætlað er að tekjur á hvern íbúa muni aukast um 4% á árinu 2023 en að meðaltali um 1% á ári á tímabilinu 2023-2026.
- Áætlað er að gjöld á hvern íbúa muni aukast um 9,9% á árinu 2023 en að meðaltali um 0,5% á ári á tímabilinu 2023-2026.




Eignir Garðabæjar

- Eignir Garðabæjar árið 2022 eru áætlaðar 47.540 m.kr. en það er aukning um 8% frá 2021.
- Eigið fé er áætlað 22.263 m.kr. og skuldir 25.276 m.kr.


Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Áætlaðar rekstrartekjur 2023

Tekjur 2023, m.kr.



Áætluð þróun íbúafjölda 2023-2026



Útsvar

- Áætlaðar útsvarstekjur eru 15.021 m.kr. og hækka um 9,9% miðað við fjárhagsáætlun ársins 2022. Við gerð áætlunarinnar er byggt á spá Sambands íslenskra sveitarfélaga, útkomuspá 2022 og tekið er tillit til áætlaðrar launaþróunar og íbúafjölgunar. Á tímabilinu 2024-2026 er áætlað að útsvarstekjur hækki í takt við fjölgun íbúa.



Fasteignaskattar

- Í framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur af fasteignasköttum nemi 2.371 m.kr. og hækki um 13,5% milli ára og eru þá meðtaldar nýjar eignir sem bæst hafa við á árinu 2022. Álagningarhlutfall fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði verður lækkað í 0,166% og álagning fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði verði 1,52%. Í frumvarpinu hefur álagning verið lækkuð um 321 m.kr. að meðtalinni lækkun á holræsa- og vatnsskatti. Þannig er unnið á móti mikilli hækkun á fasteignagjaldsstofni.



Jöfnunarsjóður

- Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Garðabæjar nemi um 1.638 m.kr. á árinu 2023 en 1.250 m.kr. 2022.


Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Áætluð rekstrargjöld 2023

Áætlaður launakostnaður 2023


- Launakostnaður nemur samtals 11.022 m.kr. árið 2023 í A- og B sjóði sem er 5% hækkun milli ára og 11% hækkun frá niðurstöðu ársreiknings 2021. Stöðugildi eru alls 874.
- Í áætluninni er tekið tillit til launahækkana samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga. Kjarasamningar starfsmanna Garðabæjar eru almennt bundnir fram til 1. mars 2023 að undanskildum samningum við kennarafélögin en þeir samningar eru lausir frá 1. september 2023.
- Vætanlegar launahækkarnir vegna yfirstandandi kjaraviðræðna eru ekki reiknaðar í áætlun. Gert er ráð fyrir 400 m.kr. varasjóði til að mæta kjarasamningshækkunum og öðrum starfsmannatengdum breytingum.

Launakostnaður sem % af tekjum



*Samkvæmt útkomuspá

Gjöld 2023, m.kr.



Áætlaður annar rekstrarkostnaður 2023


Annar rekstrarkostnaður samstæðureiknings er áætlaður 10.834 m.kr. og hækkar um 21% milli ára. Annar rekstrarkostnaðar hækkar mikið milli ára, en stór hluti hans er aðkeypt þjónusta sem tekur mið af launapróun. Dæmi um liði sem fara hækkandi skv. áætlun:

- Stoðþjónusta við fatlað fólk
- Skammtímavistun fyrir fatlað fólk
- Sumarúræði fyrir fatlað fólk
- Niðurgreiðsla á skólamat fyrir grunnskólabörn
- Rekstur leikskólans Urriðabóls sem tók til starfa haustið 2022
- Foreldragreiðslur vegna leikskóla
- Námsvistargjöld þ.e. greiðslur til annarra sveitarfélaga
- Frístundabíll
- Bláfjöll skíðasvæði vegna endurnýjunar á lyftum
- Sorpeyðing
- Urðunarstaðir
- Kostnaður vegna skipulagsmála

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Sjóðstreymi og lántökur

Afborganir langtímaskulda A-og B-hluta, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Áætlun fyrir tímabilið 2022-2026 gerir ráð fyrir að á tímabilinu verði:



Tekin ný lán að upphæð: **17.974 m.kr.**



Afborganir langtímalána: **8.845 m.kr.**


Sjóðstreymi, lántökur og afborganir

- Á tímabilinu er áætlað að veltufé frá rekstri verði sterkt, sem takmarkar þörf á lántöku fyrir fjárfestingum.
- Samkvæmt útkomuspá 2022 er áætlað að lántaka á árinu 2022 verði 1.531 m.kr. en það er 60% lækkun frá fyrra ári. Áætlun 2022-2026 gerir ráð fyrir að tekin verði ný lán að upphæð 17.974 m.kr., en það eru um 4.493 m.kr. á ári.
- Á sama tímabili verða afborganir langtímalána 8.845 m.kr. og því verður hrein lántaka 9.129 m.kr.




Fjárhagsáætlun Garðabæjar Sjóðstreymi og fjárfestingar

Veltufé frá rekstri % af tekjum, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Fjárfestingar og veltufé frá rekstri, % af tekjum



*Samkvæmt útkomuspá

Veltufé frá rekstri og fjárfestingar

- Sterkt veltufé frá rekstri er forsenda þess að unnt sé að sinna fjárfestingum sveitarfélagsins og á hinn bóginn má nýta það til að greiða niður skuldir.
- Staða veltufjár frá rekstri er áætluð að vera um 18% samkvæmt útkomuspá 2022. Á tímabilinu 2023-2026 er áætlað að veltufé frá rekstri muni lækka frá 2022 en verða í takt við árin þar á undan.
- Fjárfestingar voru hærri en veltufé frá rekstri árið 2021 og mun áfram vera það á árunum 2022-2026 samkvæmt áætlun. Það skýrist aðallega af vexti sveitarfélagsins. Hóflegar lántökur munu brúa þetta bil.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Fjárhagsáætlun

Samantekið - A og B hluti

| m.kr. | Rauntölur | Útkomuspá | Áætlun | Áætlun | Áætlun | Áætlun |
|--|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| | 2021 | 2022* | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 |
| Rekstrarreikningur | | | | | | |
| Rekstrartekjur | 21.539 | 24.291 | 25.851 | 26.581 | 27.584 | 28.688 |
| Rekstrargjöld | -18.965 | -19.831 | -22.257 | -22.867 | -23.728 | -24.623 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | 2.574 | 4.460 | 3.594 | 3.715 | 3.856 | 4.066 |
| Afskriftir | -1.199 | -1.288 | -1.621 | -1.817 | -1.991 | -2.155 |
| Rekstrarniðurstaða án fjármagnsgjalda | 1.375 | 3.172 | 1.973 | 1.898 | 1.865 | 1.911 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | -947 | -1.822 | -1.384 | -1.100 | -1.215 | -1.319 |
| Rekstrarniðurstaða | 428 | 1.350 | 589 | 797 | 650 | 592 |
| Efnahagsreikningur | | | | | | |
| Eignir samtals | 43.990 | 47.540 | 51.800 | 55.625 | 58.775 | 61.618 |
| Eigið fé | 20.913 | 22.263 | 22.853 | 23.650 | 24.301 | 24.893 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | 23.077 | 25.276 | 28.947 | 31.974 | 34.474 | 36.725 |
| Sjóðstreymi | | | | | | |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar) | 3.201 | 4.392 | 3.499 | 3.356 | 3.458 | 3.633 |
| Handbært fé (fjárþörf) í árslok | 243 | 585 | 257 | 838 | 820 | 816 |

Efnisyfirlit

Fjárhagsáætlun
í hnotskurn

Forsendur
áætlunar

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARÐABÆR



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Málaflokkar



Málaflokkar

Hér verður gerð grein fyrir rekstri einstakra málaflokka og helstu stærðum. Í samanburði við fyrra ár er miðað við útkomuspá ársins 2022. Málaflokkar skiptast niður á fjögur svið sveitarfélagsins.



Fræðslu- og menningarsvið

Fræðslu- og uppeldismál, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál.



Fjölskyldusvið

Barnavernd, stuðningur við fatlað fólk og eldri borgara, búseta, félagsráðgjöf, fjárhagsaðstoð, móttaka flóttamanna.



Umhverfissvið

Umhverfismál, brunamál, almannavarnir, hreinlætismál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál.




Fjármála- og stjórnsýslusvið

Sameiginlegur kostnaður, bæjarskrifstofa.

Skipting framlaga til málaflokka 2023, m.kr.


■ Fræðslu- og menningarsvið ■ Fjármála- og stjórnsýslusvið ■ Fjölskyldusvið ■ Umhverfissvið



Fræðslu- og menningar svið

- Til fræðslu- og uppeldismála er gert ráð fyrir að verja um 10.984 m.kr. á árinu 2023 sem er um 6% hækkun milli ára eða um 575 m.kr. Hækkun frá upphaflegri áætlun 2022 er 9%.
- Á skrifstofu fræðslu- og menningarmála starfa 13 starfsmenn í 13 stöðugildum. Sviðsstjóri, grunn- og tónlistarskólafulltrúi, leikskólafulltrúi, menningarfulltrúi, íþróttta-, tólmstunda- og forvarnarfulltrúi, sérkennslufulltrúi, þrír sálfræðingar og tveir talmeinafræðingar.
- Þá starfar einnig á sviðinu rekstrarfulltrúi og verkefnastjóri fjármála og rekstrar í tímabundnu verkefni.

Skipting útgjaldaliða fræðslumála 2023, m.kr.



- Kostnaður vegna skrifstofu fræðslu- og menningarmála er áætlaður 439 m.kr. sem er hækkun um 3% milli ára. Á skólaskrifstofu er gert ráð fyrir 5 m.kr. vegna samstarfs við Klifið til að efla fræðslustarf fyrir skólasamfélagið og fullorðinsfræðslu. Gert er ráð fyrir 28 m.kr. til þróunarverkefna í grunnskólum og 9 m.kr. til þróunarverkefna í leikskólum.
- Fjárveiting til að mæta langtímaforföllum í skólum er áætluð 35 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 24 m.kr. í sérstakan sérkennslupott og 16 m.kr. til nýbúakennslu. Einnig er gert ráð fyrir 12 m.kr. til skólaaksturs í Urriðaholtsskóla. Ákveðið hefur verið að leggja fram sérstakt fjármagn að upphæð 25 m.kr. til eflingar leikskólastigsins.
- Á árinu 2022 var samþykkt ný menntastefna og verður hún innleidd á næstu misserum. Jafnframt hefur verið í undirbúningi samstarf við Arnarskóla um atferlisfræðing sem gert er ráð fyrir í áætlun 2023.

Stöðugildi fræðslu- og menningar sviðs: 662,5



Leikskólar
238 stöðugildi



Frístund
27 stöðugildi



Skrifstofa fræðslu- og menningarmála
13 stöðugildi



Grunnskólar
353 stöðugildi



Tónlistarskólar
31,5 stöðugildi



Leikskólar

- Á undanförunum árum hefur verið lögð mikil áhersla á að bjóða öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskóladvöl og er Garðabær það sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu sem lengst er komið að ná því markmiði.
- Helstu breytingar á leikskólaumhverfinu er umtalsverð fjölgun leikskólabarna í Urriðaholti og í sveitarfélaginu almennt. Við þessari þróun hefur verið brugðist með ungbarnaleikskólanum Mánahvoli sem hóf starfsemi í ágúst 2021. Mánahvoll er átta deilda leikskóli sem á að geta tekið við allt að 128 börnum á aldrinum 12 til 24 mánaða.
- Þá var á árinu 2022 tekin í notkun nýr leikskóli, Urriðaból við Kaupþún sem er fyrsti áfangi að nýjum leikskóla í Urriðaholti. Fyrsti áfangi Urriðabóls er sex deilda leikskóli sem getur tekið við allt að 116 börnum.
- Á árinu 2022 var m.a. unnið að endurbótum á lóðum á Lundabóli, Hæðarbóli og Holtakoti með tilliti til þarfa yngstu barnanna. Á Bæjarbóli er unnið að endurbótum á tveimur deildum og verður haldið áfram að vinna að endurbótum á þeim leikskóla á árinu 2023. Til viðhalds leikskólanna í eignasjóði er áætlað að verja 49,6 m.kr. sem er 19% hækkun frá fyrra ári.


Stöðugildi



Leikskólar
238 stöðugildi

September 2022


Framlög til leikskóla, m.kr.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Leikskólamál: Fjöldi leikskólabarna

Fjöldi barna í leikskólum



- Fjöldi barna í leikskólum Garðabæjar þann 1. nóvember 2022 var 1.260, þar af 451 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum.
- Fjölgun leikskólabarna frá skólaárinu 2017 – 2023 er 364 börn, úr 896 börnum í 1.260 börn.



Leikskólar

- Leikskólar í Garðabæ, hvort sem þeir eru reknir af sveitarfélaginu eða sjálfstætt starfandi, bjóða allir börnum dvöl frá 12 mánaða til 5 ára aldurs nema undbarnaleikskólarnir Sunnuhvoll og Mánahvoll sem bjóða dvöl skemur.
- Breyting hefur orðið á rekstrarumhverfi leikskólanna þar sem mun yngri börn hefja nú dvöl á leikskólunum en áður var. Stefnt er að því að ljúka innritun barna sem fædd eru 2021 í lok árs 2022. Erfiðlega hefur gengið að ráða í störf á leikskólum á höfuðborgarsvæðinu og eru Mánahvoll og Urriðaból ekki í fullri nýtingu.
- Leikskólar Garðabæjar hafa góðan aðgang að sérfræðiþjónustu fyrir börn sem þurfa stuðning og hefur verið lögð mikil áhersla á snemmtæka íhlutun.
- Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir óbreyttum opnunartíma leikskóla sem eru opnir virka daga frá kl. 7:30 – 17:00. Einnig eru allir leikskólar í Garðabæ opnir alla sumarmánuði og hafa foreldrar/forráðamenn val um töku fjögurra vikna sumarleyfis árlega.
- Framkvæmdir við annan áfanga að nýjum leikskóla í Urriðaholti – Urriðaból við Holtsveg hófst á árinu 2022. Leikskólinn verður 1.430 fm² að stærð og áætlað er að þar dvelji um 120 börn á 6 deildum. Stefnt er að því að taka leikskólann í notkun í lok árs 2023.


Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Leikskólamál: Rekstrarkostnaður

Sjálfstætt starfandi leikskólar


- Sjálfstætt starfandi leikskólar eru reknir samkvæmt samningum við Garðabæ þar sem kveðið er á um að skólastarf sé í samræmi við lög um leikskóla og þá er jafnframt ákvæði um eftirlitsþátt Garðabæjar með starfseminni.
- Launapáttur samninganna fylgir breytingum samkvæmt kjarasamningum en annar rekstrarkostnaður er verðbættur. Stefnt er að því að endurnýja alla samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla og er unnið að því að ljúka þeim samningum á árinu 2023.
- Fjöldi leikskólabarna í sjálfstætt starfandi leikskólum í Garðabæ eru 451 þar af 114 börn á Leikskólanum Sjálandi, sem er stærsti sjálfstætt starfandi leikskólinn í Garðabæ.

Einkareknir leikskólar



- Leikskólinn Sjáland
- Leikskólinn Ásar
- Leiksk. Hnoðraholt - Hjalli
- Urriðaból við Kauptún
- Leiksk. Litlu Ásar Vífilsstöðum
- Barnask. Hjalla - leiksk.

Skipting kostnaðar milli mismunandi rekstrarforma á leikskólastigi 2023



- Bæjarreknir leikskólar
- Einkareknir leikskólar
- Leikskólanefnd, dagforeldra- og dagvistargjöld



Grunnskólar

- Áætlað er að verja um 5.939 m.kr. til grunnskólamála á árinu 2023. Um er að ræða hækkun milli ára að fjárhæð 367 m.kr. eða 7%. Til reksturs frístundaheimila er áætlað að verja 152 m.kr. samanborið við 144 m.kr. árið 2022, og nemur hækkunin um 6%. Í heildina fjölgaði nemendum í grunnskólum Garðabæjar um 19 á milli vor- og haustannar 2022.
- Nemendum við Urriðaholtsskóla fjölgaði um 69 milli vor- og haustannar 2022 og um 44 hjá Garðaskóla.
- Í fjárhagsáætlun 2023 er tekið tillit til greinargerðar fræðslu- og menningarsviðs á stöðu frístunda- og tólmundastarfs fyrir 6 – 9 ára börn í Garðabæ hvað varðar frístundaúrræði að sumri. Þá verður ávaxtastund fyrir börn á grunnskólaaldri innleidd.
- Nemendur í Alþjóðaskólanum voru 99 við upphaf skólaársins 2022-2023 og 133 nemendur hófu nám í Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Stöðugildi skólamál: 380




Grunnskólar
353 stöðugildi



Frístundaheimili
27 stöðugildi

Samanburður nemendafjölda í grunnskólum Garðabæjar




Grunnskólar

- Gert er ráð fyrir 154 m.kr. framlagi til viðhalds á húsnæði skólanna sem er 7 m.kr. hækkun milli ára. Einnig verður ráðist í umfangsmeiri endurbætur á skólahúsnæði og skólalóðum að fjárhæð 600 m.kr.
- Þá er gert ráð fyrir að 2.150 m.kr. verði varið til byggingar annars áfanga Urriðaholtsskóla.

Einkareknir grunnskólar

- Framlag til einkarekinna grunnskóla er lögbundið og er skólunum greitt skv. gildandi samningum en unnið er að endurskoðun samninga. Gert er ráð fyrir að verja 315 m.kr. til einkarekinna skóla árið 2023.

Skipting kostnaðar vegna grunnskólarekstrar 2023



- Hofstaðaskóli og frístund
- Garðaskóli og frístund
- Álftanesskóli og frístund
- Flataskóli og frístund
- Sjálandsskóli og frístund
- Aðrir skólar og annar kostnaður


Námsvistargjöld

- Í gildi er samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um greiðslu námsvistargjalda í grunnskólum og leikskólum. Gert er ráð fyrir að námsvistargjöld umfram innheimt gjöld til Garðabæjar nemi um 277 m.kr. vegna leik- og grunnskóla sem er 31% hækkun frá 2022. Greidd námsvistargjöld eru einkum vegna barna í sérskólum í Reykjavík og hefur gjaldskrá Reykjavíkurborgar vegna barna í Klettaskóla hækkað umtalsvert. Að auki er áætlað að framlag Garðabæjar vegna tónlistarnáms barna í öðrum sveitarfélögum verði 16 m.kr. á árinu 2023, sem er sama fjárhæð og á árinu 2022.

Tónlistarskóli

- Fjárveiting til Tónlistarskóla Garðabæjar nemur 343 m.kr. sem er svipað og á fyrra ári. Nemendafjöldi er áætlaður svipaður og verið hefur. Nemendur við Tónlistarskóla Garðabæjar eru 512 skólaárið 2022-2023. Tónlistarskólinn hefur í vaxandi mæli nýtt húsnæði grunnskólanna til kennslu nemenda, sem er til mikilla þæginda fyrir nemendur, en starfsstöðvar skólans eru í eigin húsnæði við Kirkjulund og húsnæði sem skólinn hefur til afnota í Álftanesskóla þar sem eru um 91 nemendur. Stöðugildi í Tónlistarskóla Garðabæjar í september 2022 voru 31,5. Með fjárhagsáætlun 2023 liggur fyrir sérstakt minnisblað vegna Tónlistarskóla Garðabæjar um fyrirhugaða uppbyggingu.

Skipting kostnaðar vegna menningarmála 2023



Menningarmál

- Fjárveiting til menningarmála er 283 m.kr. sem er hækkun um 8% á milli ára 2022 og 2023.
- Framlög til Bókasafns Garðabæjar nema 113 m.kr. og hækka um 6% milli ára.
- Rekstrarframlag Garðabæjar með Hönnunarsafni Íslands er áætlað 76,5 m.kr. og hækkar um 4%.
- Framlag ríkisins til reksturs Hönnunarsafnsins í frumvarpi að fjárlögum er áætlað 20 m.kr. Garðabær er í samningaviðræðum við ríkið um nýjan rekstrar- og uppbyggingarsamning sem vonandi verður hægt að undirrita á árinu 2023.
- Framlag til annarra menningarmála er um 90 m.kr. en undir það falla meðal annars menningar- og bæjarhátíðir, önnur safnastarfsemi og styrkveitingar til ýmis konar menningarstarfs.

Stöðugildi



Menningarmál
8,3 stöðugildi

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Menningarmál: viðburðir

Menningarmál

- Á árinu 2023 er ráðgert að halda veglega Vetrarhátíð dagana 4. – 6. febrúar með dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Viðburðir verða í tengslum við sýninguna Aftur til Hofsstaða á Garðatorgi 7 og nýuppfærða miðlun í Minjagarðinum við Hofsstaði, á Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar og í sundlaugum bæjarins.
- Frá því haustið 2021 hefur fjölskyldum verið boðið að taka þátt í ýmiss konar skapandi smiðjum en Barnamenningarsjóður Íslands styrkti verkefnið „Við langeldinn/Við eldhúsbörðið“ um 4 milljónir króna. Verkefnið vakti mikla athygli en því lýkur í desember 2022 eins og áætlun gerði ráð fyrir. Fjölbreytt Barnamenningarhátíð er haldin í Garðabæ í byrjun apríl en skólahópum er boðið að taka þátt í dagskrá á skólatíma.
- Á árinu 2022 tóku um 1.000 nemendur þátt í dagskrá Barnamenningarhátíðar í Garðabæ og fengu að skapa, njóta og upplifa. Nemendum í grunn- og leikskólum Garðabæjar hefur frá því haustið 2020 verið boðið á fjölbreytta menningardagskrá allan veturinn. Dagskrá fer fram í Hönnunarsafni, Bókasafni Garðabæjar og í sal Tónlistarskóla Garðabæjar.
- Á vorönn 2023 er ráðgert að bjóða öllum 5. bekkjum í Garðabæ að heimsækja sýninguna Aftur til Hofsstaða og Minjagarðinn í sérútfærðri dagskrá sem miðar að námsskrá. Jazzhátíð Garðabæjar hefur verið haldin í 16 skipti og hefur verið mikil ánægja með framtakið. Tónleikaröðin, Tónlistarnæring, sem hóf göngu sína haustið 2021 heldur áfram.

- Leiðsagnir og fyrirlestrar í Hönnunarsafni Íslands sem tengjast sýningum eða viðfangsefni safnsins eru haldnir í hverjum mánuði og sömuleiðis býður Bókasafn Garðabæjar upp á ýmskonar fræðsluerindi og bókmenntatengda viðburði.
- Burstabærinn Krókur á Garðaholti er áfram opinn á sunnudögum yfir sumartímann. Jónsmessugleði á vegum myndlistarfélagsins Grósku er meðal fastra sumarviðburða.
- Skapandi sumarstörf hafa lagt sitt af mörkum til að gleðja bæjarbúa með uppkomum yfir sumartímann og meðal annars tekið þátt í Jónsmessugleði Grósku.
- Listahátíðin Rökkvan var haldin í fyrsta sinn þann 28. október 2022 á Garðatorgi en hátíðin kemur í stað viðburðar undir heitinu Tónlistarveisla í skammdeginu sem haldin var um árabíl.
- Aðventuhátíð Garðabæjar í desember fer fram með fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna í menningarstofnunum bæjarins. Mikill metnaður er í menningarstarfi sveitarfélagsins og markmiðið er að efla það enn frekar á komandi ári.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Æskulýðs- og íþróttamál



Æskulýðs- og íþróttamál

- Útgjöld til æskulýðs- og íþróttamála eru áætluð 2.929 m.kr. og hækka útgjöld til málaflokksins um 14% eða 354 m.kr. frá árinu 2022. Ný rekstrareining, Miðgarður fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri, var tekin í notkun í upphafi árs 2022 og er áætlaðar kostnaðar við rekstur þess 394 m.kr. Meginkostnaður við rekstur málaflokksins er starfsemi íþróttahúsanna við Ásgarð, á Álftanesi, í Mýrinni, íþróttahúss Sjálandsskóla og íþróttahússins Miðgarðs. Samtals nemur rekstur þessara mannvirkja 1.416 m.kr. Til viðhalds íþróttamannvirkja er áætlað að verja 80,4 m.kr.
- Áætlað er að rekstur félagsmiðstöðvanna Garðalundar í Garðaskóla, Klakans í Sjálandsskóla og Elítunnar í Álftanesskóla nemi 141 m.kr. sem er 11% hækkun frá áætlun 2022.
- Í áætlun er gert ráð fyrir hækkun framlags til íþrótt- og æskulýðsfélaga að fjárhæð 20 m.kr.
- Styrkir til æskulýðs- og unglingsstarfs eru áætlaðir 37 m.kr. Framlög til styrkja vegna hvatapeninga eru áætluð 156 m.kr. og verða hvatapeningar fyrir hvert barn kr. 55.000. Framlag til rekstrar frístundabíls er áætlað 34 m.kr. á árinu 2023 og hefur hækkað um 46% eða 10,6 m.kr. frá áætlun ársins 2022. Fjárveiting til Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins er áætluð 127 m.kr. og hefur hækkað um 33% eða 32 m.kr.

Skipting kostnaðar vegna æskulýðs- og íþróttamála 2023



Stöðugildi



Æskulýðs- og íþróttamál
57 stöðugildi

September 2022



Fjölskyldusvið

- Verkefni sviðsins eru fjölbreytt og snúa meðal annars málefnum barna samkvæmt barnaverndarlögum, þjónustu við fatlaða, þjónustu við aldraða, ferðaþjónustu, félagslegri ráðgjöf, húsnæðismálum og fjárhagsaðstoð.
- Auk nýrra verkefna sem snúa að móttöku flóttamanna og innleiðingu á samþættri þjónustu í þágu farsældar barna.



Velferðarmál

- Til velferðarmála er gert ráð fyrir að verja um 3.309 m.kr. á árinu 2023 sem er 11% hækkun á milli ára eða um 319 m.kr. Hækkun frá upphaflegri áætlun 2022 er 17%.

Stöðugildi fjölskyldusviðs: 83,6



Bæjarskrifstofa
14 stöðugildi



Búsetuþjónusta
65,4 stöðugildi




Félags- og
tómstundastarf
3,3 stöðugildi



Ísafold
0,9 stöðugildi

Framlög til velferðarmála, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Barnaverndarþjónusta



- Fjöldi mála til vinnslu í barnaverndarþjónustu er breytilegur milli ára. Alls bárust 483 tilkynningar til barnaverndar á árinu 2021 og voru 250 mál til vinnslu yfir 12 mánaða tímabil. Í lok október 2022 höfðu borist 367 tilkynningar til barnaverndar og 130 mál voru til vinnslu.
- Barnaverndarþjónusta er þriðja stigs þjónusta og er ætlað að tryggja börnum sem búa við óviðunandi aðstæður, eða börnum sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu, nauðsynlega aðstoð (barnaverndarlög nr. 80/2002).
- Fjárhagsáætlun 2023 tekur mið af stuðningsúrræðum sem nauðsynlegt er að hafa tiltæk við vinnslu barnaverndarmála. Er kostnaður vegna vistana barna utan heimilis ríflega helmingur þess fjármagns sem áætlað er til málaflokksins sem er á árinu kr. 50 m.kr.
- Í ársbyrjun 2023 taka gildi ákvæði um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 er varðar stjórnýslu barnaverndar. Þá verða lagðar niður barnaverndarnefndir skipaðar af sveitarstjórnnum og komið á fót sérstökum og sjálfstæðum fjölskipuðum stjórnýslueiningum, undir heitinu umdæmisráð, sem fara skuli með úrskurðarvald í tilteknum íþyngjandi ákvörðunum á grundvelli barnaverndarlaga.
- Í fjárhagsáætlun er kostnaður sem áður var áætlaður á barnaverndarnefnd yfirfærður á rekstur umdæmisráðs. Erfitt er að sjá fyrir hvernig kostnaður vegna umdæmisráðs þróast en þó er líklegt að þessi breyting muni hafa í för með sér kostnaðaraukningu fyrir sveitarfélög.

Stöðugildi barnaverndarþjónustu: 5




Málastjórar
4 stöðugildi



Umsjónarfélags-
ráðgjafi
1 stöðugildi

Að auki hefur lögræðingur fjölskyldusviðs aðkomu að vinnslu barnaverndarmála

Framlög til barnaverndarþjónustu, m.kr.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Málefni fatlaðs fólks



Stoðþjónusta við fatlað fólk

Hlutverk stoðþjónustu er að veita fötluðu fólki þjónustu í samræmi við lög og reglugerðir. Alls hafa um 300 fjölbreytt mál verið til vinnslu á árinu 2022.

Í fjárhagsáætlun 2023 er áætlað fyrir margbættri þjónustu, m.a. búsetuþjónustu, notendasamningum, NPA samningum, stuðningsfjölskyldum og liðveislusamningum. Einnig er gert ráð fyrir áframhaldandi aðkeyptri þjónustu frá einkaaðilum og öðrum sveitarfélögum til að mæta þjónustuþörfum einstaklinga.

Á árinu 2023 er gert ráð fyrir fjölgun NPA samninga. Samningum um liðveislu hefur farið fjölgandi, en árið 2021 voru þeir 75 alls en komnir upp í 84 árið 2022. Gert er ráð fyrir 6% hækkun í fjárhagsáætlun á milli ára til að mæta fjölgun liðveislusamninga.

Þjónusta við fatlað fólk á að mestu að fjármagnast af ríkinu, en raunin er sú að Garðabær greiðir um einn milljarð króna umfram það á árinu 2022.

Ferðaþjónusta fatlaðs fólks

Í áætlun 2023 er gert ráð fyrir 85 m.kr. í akstursþjónustu fatlaðs fólks, bæði almennan og skólaakstur. Þeir aðilar sem sinna akstursþjónustu eru Hreyfill og Pant.



Stöðugildi í málefnum fatlaðra: 67,4



Bæjarskrifstofa
2 stöðugildi




Heimili fatlaðra og
skammtímadvöl
65,4 stöðugildi

Ráðgjafaproskajálfi
Umsjónarproskajálfi

Þar af búsetukjarni á Unnargrund sem er rekinn af Ás styrktarfélagi skv. þjónustusamningi við Garðabæ 17,5 stöðugildi

Framlög til þjónustu við fatlað fólk, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks: Breytingar

- Á liðnu ári fór fram heildarendurskoðun á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og skilaði starfshópur af sér skýrslu en í henni er að finna umfjöllun um mál sem snúa að húsnæðis- og búsetumálum, atvinnumálum, notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), hvernig staðið er að samráði aðila og mat á stuðningsþörf.
- Einnig er kafli í skýrslunni um raunkostnað sveitarfélaga á árunum 2018-2020 í samanburði við framlög ríkisins. Þar kemur fram að framlög frá Jöfnunarsjóði hafi ekki hækkað til samræmis við verðlagsþróun. Á árinu 2022 er áætlað að kostnaður Garðabæjar við málaflokk fatlaðs fólks sé um einum milljarði kr. hærri en framlög ríkisins til þjónustunnar.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Stuðnings- og öldrunarþjónusta



Stuðnings- og öldrunarþjónusta

Meginverkefni þjónustunnar eru annars vegar stuðningsþjónusta í formi félagslegrar heimaþjónustu, innlits, heimsends matar, ferðaþjónustu og tómsunda- og félagsstarfs. Hins vegar ráðgjöf varðandi ýmis málefni sem snerta þjónustu við eldri borgara svo og málefni sem snúa að almennri velferðarþjónustu til íbúa.

Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir um 204 m.kr. í innlitsþjónustu og heimilisþrif. Garðabær vinnur með starfsmönnum frá Sinnum og Dögum við að veita þjónustu í formi innlita og heimilisþrifa.



Heimilisþrif 390 heimili á mánuði



Heimsendur matur 100 matarbakkar á mánuði



Innlit 700 innlit á mánuði

Stöðugildi stuðnings- og öldrunarþjónustu: 7,2



Skrifstofa
3,9 stöðugildi




Tómstundastarf eldri borgara í Jónshúsi
2,3 stöðugildi



Umsjónarmaður Jónshúss
1 stöðugildi

Félagsráðgjafi
Ráðgjafi
Hjúkrunarfræðingur / Forstöðumaður
Þrif

Framlög til þjónustu við aldraða, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Stuðnings- og öldrunarþjónusta



Akstursþjónusta eldri borgara

Reglur um akstursþjónustu eldri borgara voru samþykktar árið 2020 og hafa það markmið að auka sjálfstæði eldri borgara og stuðla að því að þeir geti búið lengur heima. Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir um 30 m.kr. í akstursþjónustuna.



Hjúkrunar- og dagdvalarrými

Hrafnista er rekstraraðili hjúkrunarheimilisins Ísafold, með 60 rými og þá eru almenn rými dagdvalar 16 og sérhæfð rými fyrir fólk með heilabilun eru fjögur. Mikil eftirspurn er eftir dagdvalarrýmum en þau styðja einstaklinga til sjálfstæðari búsetu á eigin heimili.



Félags- og tómstundastarf eldri borgara – Jónshús – Smiðjan - Litlakot

- Mikil gróska er í félagsstarfi eldri borgara í Garðabæ, með sterkri aðkomu félagasamtaka eldri borgara í Garðabæ.
- FEBG (Félag eldri borgara í Garðabæ) og FEBÁ (Félag eldri borgara á Álftanesi) bjóða upp á námskeið sem eru vel sótt og hafa það að markmiði að styðja við heilsueflingu og virkni einstaklinganna.
- Í félagsmiðstöðinni Jónshúsi við Strikið fer fram fjölbreytt starfsemi og boðið er upp á heitan mat í hádeginu og kaffi og meðlæti yfir daginn.
- Endurbætur voru gerðar á Smiðjunni í Kirkjuhvoli á árinu sem mælst hafa vel fyrir hjá þeim sem sækja starfið.



Búseta

- Íbúar í sérhæfðri búsetu í Garðabæ voru 26 í árslok 2021. Garðabær rekur þrjú herbergjasambýli, eitt heimili fyrir börn og 1 íbúðakjarna sem er rekinn af Ás styrktarfélagi skv. þjónustusamningi. Að auki er rekin skammtímadvöl á Móaflöt í Garðabæ fyrir börn á aldrinum 6-17 ára sem önnur sveitarfélög hafa aðgang að og greiða fyrir veitta þjónustu.
- Í búsetu er lögð áhersla á að virkja einstaklinganna til þátttöku í daglegu lífi og veita þann stuðning sem hver og einn einstaklingur þarf á að halda. Tekið er mið af einstaklingsbundnum þjónustupörfum hvers og eins. Aldur einstaklinga í búsetu er frá 12 ára og upp í 79 ára. Búsetuþjónusta er einnig keypt af þremur einkaaðilum: Klettabær, Vinakoti og Heilindum.
- Í byggingu er 7 íbúða búsetukjarni við Brekkuás sem stefnt er að verði tekinn í notkun fyrri hluta árs 2024. Fyrir liggur að skipuleggja sambærilegan búsetukjarna fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti á nýju ári.



Þjónustuveitendur

| Heimili | Fjöldi íbúa 2022 |
|----------------------------------|------------------|
| Unnargrund | 6 |
| Krókamýri | 4 |
| Ægisgrund | 5 |
| Miðskógar | 4 |
| Móaflöt | 5 |
| Sigurhæð | 2 |
| Búseta og sólarhringsþjónusta I | 1 |
| Búseta og sólarhringsþjónusta II | 1 |
| Klettabær | 1 |
| Vinakot | 1 |
| Heilindi | 1 |



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og húsnæðismál



Félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og húsnæðismál

Fjárhagsaðstoð er veitt skv. reglum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Slík aðstoð er einstaklingsbundin og er hugsuð sem tímabundið úrræði. Annars vegar er um að ræða grunnaðstoð fjárhagsaðstoðar sem veitt er þegar einstaklingur, hjón eða sambúðarfólk hafa skattskyldar tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Hins vegar er um að ræða svokallaðar heimildagreiðslur vegna sérstakra aðstæðna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Fjöldi á fjárhagsaðstoð

- Notendur fjárhagsaðstoðar á árinu 2021 voru á aldrinum 18-71 árs. Flestir eru atvinnulausir án bótaréttar frá VMST eða óvinnufærir og án réttar frá öðrum stofnunum. Mikilvægt er að vinna ötullega að því að koma sem flestum einstaklingum í virkni, til þess að þeir verði virkir þátttakendur í samfélaginu.
- Þróun á sameiginlegri stafrænni umsókn um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga hófst árið 2020 í samstarfi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hugbúnaðarfyrirtækin Kolibri og Andes. Fyrsta útgáfa umsóknarferilsins er tilbúin til notkunar. Starfsfólk fjölskyldusviðs Garðabæjar hefur kynnt sér lausnina og er unnið að undirbúningi í samstarfi við leiðtoga stafræns þróunarteymis að innleiðingu þess.
- Stuðningur er við 2 einstaklinga til að nýta sér verkþjálfun og fræðslu Fjölsmiðjunnar. Fyrirhugað er samstarf við þjónustuaðila sem koma að gerð endurhæfingaráætlun einstaklinga, með það markmið að stefna á nám eða vinnu.
- Almennar félagslegar íbúðir í eigu Garðabæjar eru 30 talsins. Þá framleigir sveitarfélagið 4 leiguíbúðir eða veitir annan styrk til einstaklinga í félagslegum tilgangi. Sex íbúðanna eru háðar kvöðum um aldurslágmark íbúa. Í október 2022 eru 37 einstaklingar á biðlista eftir almennu félagslegu húsnæði. Tíu einstaklingar eru á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði.

Stöðugildi



Félagsráðgjafi
1 stöðugildi

Umsjónarfélagsráðgjafi er yfirmaður málaflokksins




Fjárhagsaðstoð


Fjöldi almennra notenda fjárhagsaðstoðar fjölgaði umtalsvert í kjölfar heimsfaraldurs COVID19. Notendum hefur farið aftur fækkandi á þessu ári en meðalfjöldi notenda árið 2022 er þó umtalsvert hærri en árið 2019.

Því til viðbótar eru mun fleiri einstaklingar með alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum sem hafa þegið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu á árinu 2022 en fyrri ár.

Fjöldi flóttamanna á fjárhagsaðstoð




Fjárhagsaðstoð, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Fjöldi notenda á fjárhagsaðstoð



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Móttaka flóttamanna



Móttaka flóttamanna

- Móttaka flóttafólks er sístækkandi verkefni sem felst í veitingu umfangsmikillar félagsþjónustu og ríkrar samvinnu starfsmanna félagsþjónustu, skólaþjónustu, barnaverndar og annarra þjónustuveitenda.
- Móttaka flóttafólks er tiltölulega ný af nálinni í Garðabæ og því hefur skapast þörf á fræðslu og stuðningi við starfsmenn sveitarfélagsins.
- Verkefnastjóri er jafnframt tengiliður við stjórnvöld og aðra aðila sem hlutast til um málefni flóttafólks, fylgist með stefnum og straumum í málaflokknum, kynnir og svarar fyrirspurnum er varða flóttamannamál, o.fl.
- Fyrirséð er að fjöldi flóttafólks mun aukast í Garðabæ árið 2023 og kostnaður líka. Horft er til þess að Garðabær vinni að heildarstefnumótun í móttöku og málefnum flóttafólks.
- Í lok október 2022 eru 111 flóttamenn, börn og fullorðnir, búsettir í Garðabæ og þar af eru 103 einstaklingar í virkri félagslegri ráðgjöf hjá fjölskyldusviði Garðabæjar.
- Níu flóttamenn til viðbótar hafa flutt í Garðabæ á árinu og verið í virkri félagslegri ráðgjöf en hafa flutt aftur úr bæjarfélaginu innan nokkurra mánaða.

Stöðugildi



Verkefnastjóri
1 stöðugildi

Flóttafólk búsett í Garðabæ: október 2022


| Flutningur í Garðabæ | Fj. flóttafólks (fullorðnir og börn) | Fjöldi flóttafólks í virkri ráðgjöf |
|----------------------|---|--|
| 2019 | 8 | 6 |
| 2020 | 4 | 3 |
| 2021 | 11 | 10 |
| 2022 | 88 | 84 |
| Samtals | 111 | 103 |




Innleiðing á samþættri þjónustu í þágu farsældar barna í Garðabæ

- Með nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem tóku gildi í 1. janúar 2022 er lagður grunnur að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Garðabær hefur hafið innleiðingu á þessu umfangsmikla verkefni m.a. með ráðningu verkefnastjóra en horft er til þess að innleiðingin taki þrjú til fimm ár. Ríkið veitir sveitarfélögum framlag til að mæta kostnaði vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna og til viðmiðunar er:
- *Fjöldi barna 1. janúar 2021.*
- *Meðaltal barna með stuðning í grunnskólum skólaárin 2018/2019 og 2019/2020 og fjöldi barna með stuðning í leikskólum árin 2019 og 2020.*
- *Fjöldi barna á heimilum með undir 60% af miðgildi ráðstöfunartekna árið 2020.*
- *Fjöldi innflytjenda af fyrstu og annarri kynslóð 1. janúar 2021.*
- Á árinu 2022 fékk Garðabær um 40 m.kr. til að mæta kostnaði vegna innleiðingarinnar.
- Í áætlun 2023 er gert ráð fyrir 54 m.kr. framlagi vegna farsældar.

Skipting útgjaldaliða félagsþjónustu 2023



Framlög til félagsþjónustu, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá



Umhverfismál

- Heildarframlag til umhverfismála er áætlað 563 m.kr. sem er sambærilegt og árið 2022 en þá nam framlagið 560 m.kr.
- Gert er ráð fyrir að framlag til sumarvinnu ungs fólks verði 221 m.kr. á árinu 2023 en var 240 m.kr. árið 2022. Til garðyrkjudeildar er áætlað að verja 38,8 m.kr. og kostnaður við slátt og umhirðu opinna svæða er áætlaður 170 m.kr en var 166 m.kr. árið 2022.
- Umhverfissvið benti á þörfina fyrir auknu fjármagni vegna nýrra hverfa og svæða við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022, sem var samþykkt.



Brunamál og almannavarnir

- Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna nema samtals 196 m.kr. en voru 180 m.kr. árið 2022. Hækkunin nemur um 9%.
- Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir hækkun sem nemur 9% frá fyrra ári og verður samtals 189 m.kr.. Hækkunin er einkum vegna hækkana á launakostnaði og styttingu vinnutíma vaktavinnufólks, sem nú er komin til fullra framkvæmda.
- Framlag til sjóvarnargarða er 4 m.kr. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sjóvarnir á Álftanesi.

Stöðugildi Umhverfissvið: 26,4




Skipulags- og byggingarmál
7 stöðugildi



Umhverfismál
19,4 stöðugildi

Skipting kostnaðar umhverfismála 2023




■ Sumaráttak v. ungs fólks ■ Sláttur á opnum svæðum ■ Annað

Hreinlætismál

- Framlög til hreinlætismála nema 67 m.kr. árið 2023 en voru áætluð 53 m.kr. árið 2022. Kostnaðarhækkun milli ára er um 26%. Meginhluti útgjalda þessa málaflokks er kostnaður við sorphirðu, gjöld til Sorpu bs. og rekstur gáma- og grenndarstöðva. Sorphreinsun er greidd samkvæmt samningi við verktaka þar sem gert er ráð fyrir að sorp frá íbúðarhúsum sé hreinsað á 10 daga fresti. Í rekstraráætlun Sorpu kemur fram að magn sorps sem berst öllum starfsstöðvum Sorpu hefur aukist verulega síðustu ár og misseri. Stærstur hluti rekstrarkostnaðar Sorpu er beintengdur magni. Í Garðabæ er pappír og plasti sérsafnað við hvert heimili. Pappírstunnur voru settar upp við hvert heimili í Garðabæ á árinu 2013. Byrjað var að sérsafna plasti við heimili árið 2018.
- Frá árinu 2016 hefur verið unnið að því að koma upp grenndargámum í Garðabæ og eru í dag sjö grenndargámastöðvar í sveitarfélaginu. Hafin er innleiðing á innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar sem er liður í umhverfisstefnu bæjarins, markmiðið er að draga úr innkaupum, auka endurnotkun, bæta flokkun á úrgangi og draga úr sorpmagni hjá stofnunum og starfsfólki Garðabæjar.
- Kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits er áætlaður 12,7 m.kr.

Skipting kostnaðar vegna hreinlætismála 2023



Hreinlætismál: breytingar

- Breyting á lögum um meðhöndlun úrgangs sem taka gildi 1. janúar 2023 gerir ráð fyrir að sérstök söfnun á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi skuli fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Þá mun einnig almennu sorpi vera sérsafnað við heimili.
- Unnið er með Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Sorpu að samræmingu sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu og stóð til að innleiðingin færi fram á árinu 2022, en vegna tafa á útboði á tunnum mun það ekki verða fyrr en 2023.




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Skipulags- og byggingarmál

Skipulags- og byggingarmál

- Heildarframlög til skipulags- og byggingarmála nema samtals um 321 m.kr. sem er aukning um 14% frá árinu 2022.
- Gert er ráð fyrir að verja um 108 m.kr. til deiliskipulags, aðalskipulags og svæðisskipulags samanborið við 76 m.kr. árið 2021.
- Á árinu 2023 verður unnið að fjölbreyttum skipulagsverkefnum í sveitarfélaginu. Þar má nefna endurskoðun 4. kafla aðalskipulags sem fjallar um samgöngur. Á Álftanesi verður unnið að deiliskipulagi fyrir Norðurnes og Skógtjörn.
- Þá verður unnið að deiliskipulagi Gálga- og Garðahrauns, ásamt breytingum á deiliskipulagi Garðahverfis.
- Deiliskipulag Arnarlands, þróunarsvæði A við Hafnarfjarðarveg, stígakerfi í upplandinu, Vífilsstaðahraun, GKG golfvöllur og útivistarskógur eru helstu verkefni sem unnin verða á árinu 2023.

Skipting kostnaðar vegna skipulags- og byggingarmála 2023




- Skipulagsmál
- Lóðir og lendur
- Tæknideild - byggingaefirlit
- Mælingar og kortagerð

Stöðugildi



Skipulags- og byggingarmál
7 stöðugildi

Byggingarleyfi - nýbyggingar 2018-2022






Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Umferðar- og samgöngumál

Umferðar- og samgöngumál

- Fjárveiting til umferðar- og samgöngumála er áætluð 1.707 m.kr. árið 2023 sem er um 171 m.kr. hækkun að ræða eða rúmlega 11%. Undir málaflokkinn fellur viðhald gatna- og göngustígakerfis bæjarins, snjómokstur og götulýsing auk fjárframlags til reksturs Strætó bs. Viðhald gatna, stíga og gangstétta er hækkað úr 92,3 m.kr. í 98,5 m.kr., gatnahreinsun hækkar úr 37 m.kr. í 41 m.kr. og framlög til Strætó bs. hækka úr 379 m.kr. í 477 m.kr. eða um 26%.
- Rétt er að nefna að ef gerðar verða breytingar á akstri Strætó innan bæjarmarka getur skipting á rekstrarframlaginu breyst á milli eigenda. Einnig er rétt að vekja athygli á því að nema- og öryrkjaframlagið tekur mið af seldum fargjöldum til þessara hópa og getur því tekið einhverjum breytingum. Unnið hefur verið að því að styrkja innviði fyrir fjölbreytta ferðamáta með það að markmiði að auka hlutdeild vistvænna samgangna. Frá árinu 2018 hefur verið unnið að fjölgun á strætóskýlum í Garðabæ og eru fjárveitingar á framkvæmdayfirliti að fjárhæð 15 m.kr. á árunum 2023 – 2025 og 20 m.kr. árið 2026 til að fjölga strætóskýlum enn frekar. Einnig hefur verið unnið að því að bæta hjólaaðstöðu og verður áfram unnið að því verkefni.

Skipting kostnaðar umferðar- og samgöngumála 2023



- Áætlað er að verja 135 m.kr. til snjómoksturs og hálkueyðingar sem er lækkun frá því í fyrra en síðastliðinn vetur var mjög snjóþungur. Til götulýsingar er áætlað að verja 95 m.kr., sem er sama fjárhæð og árið 2022. LED-ljósavæðing götulýsingar kemur til með að lækka rekstrarkostnað verulega þegar fram líða stundir.
- Íslenska ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirrituðu samkomulag í sept. 2019 um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára.
- Markmið samkomulagsins er:
 - Að stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu.
 - Að stuðla að því að loftlagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnislaust borgarsamfélag verði náð.
 - Að stuðla að auknu umferðaröryggi.
 - Garðabær greiðir 96 m.kr. á árinu 2023 til verkefnisins sem fært er á framkvæmdayfirlit.




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Fjármála- og stjórnsýslusvið

Sameiginlegur kostnaður

- Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður verði 861 m.kr. á árinu 2023 en var 813 m.kr. árið 2022. Hækkunin nemur 6%.
- Meginhluti kostnaðar til þessa málaflokks er vegna starfsemi bæjarskrifstofa 477 m.kr., bæjarstjórnar og bæjarráðs 88 m.kr. og innheimtukostnaðar ríkisins vegna staðgreiðslu útsvars 75 m.kr.
- Kostnaður vegna tölvumála er 352 m.kr. sem er tæplega 10% hækkun. Kostnaðurinn er allur gjaldfærður hjá stofnunum bæjarins í hlutfalli við fjölda tölva á hverjum stað og fjölda stöðugilda. Vaxandi áherslur eru lagðar á netöryggismál og að tryggja persónuvernd í stjórnsýslu bæjarins.
- Til verkefna á sviði stafrænnar þróunar er áætla að verja 25 m.kr.

Skipting sameiginlegs kostnaðar 2023



Stöðugildi fjármála- og stjórnsýslusviðs: 30,3



Sameiginlegur kostnaður
30,3 stöðugildi



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Fjármagnskostnaður, fasteignaumsjón og þjónustumiðstöð

Fjármagnsliðir – fjármunatekjur - fjármagnsgjöld

- Vaxta- og verðbóltagjöld af langtímaskuldum eru áætluð 1.529 m.kr.. Gert er ráð fyrir um 6,0% verðbólgu sem er til samræmis við spá Hagstofu frá síðastliðnum nóvember. Reynsla hefur sýnt að þjóðhagsspár hafa oftast reynst lægri en rauntölur. Afskriftir eru áætlaðar 1.621 m.kr. 2023 en eru áætlaðar 1.288 m.kr. árið 2022.

Eignasjóður

- Eignasjóður hefur umsjón og eftirlit með rekstri fasteigna bæjarins. Svokallaðar innri leigutekjur eru tekjufærðar hjá eignasjóð og gjaldfærð á rekstur málaflokka. Helstu útgjöld eru fasteignagjöld, öryggisgæsla, húsa- og brunatryggingar, afskriftir, launakostnaður og viðhald húsa og lóða. Einnig eru verðbóta- og vaxtagjöld af langtímaskuldum og vaxtagjöld til eigin fyrirtækja færð á eignasjóð. Á málaflökk eignasjóðs er einnig færður varasjóður að fjárhæð 400 m.kr. til að mæta væntanlegum launahækkunum á næsta ári og ófyrirséðum útgjöldum. Þá er áætluð sala byggingarrétta að fjárhæð 1.375 m.kr. færð á eignasjóð. Starfsmenn eignasjóðs eru tveir og er gert ráð fyrir að fjölga stöðugildi á árinu 2023 um eitt.
- Tekjur eignasjóðs nema samtals 5.858 m.kr. og gjöld að meðtöldum afskriftum 2.300 m.kr.

- Fjárveiting til viðhalds stofnana í A og B sjóði er áætluð um 375 m.kr. á árinu 2023 en voru áætlaðar 350 m.kr. árið 2022. Umhverfisvið hefur lagt fram greinargóðar upplýsingar um viðhaldsáætlun fasteigna og viðhaldspörf næstu árin.
- Fjármagnsliðir eignasjóðs eru áætlaðir 1.925 m.kr. að meðtöldum innri lánnum og skammtímaskuldum eignasjóðs við aðalsjóð sem hefur verið reiknað í samráði við ábendingar endurskoðanda Garðabæjar.

Þjónustumiðstöð

- Gert er ráð fyrir að til reksturs þjónustumiðstöðvar verði varið um 21,4 m.kr. að frádregnu framlagi stofnana bæjarins vegna vinnu fyrir þær en sú vinna er seld út skv. tímaskrift útseldrar vinnu. Til reksturs þjónustumiðstöðvar telst einnig rekstur á bílum og tækjum. Um 10 m.kr. af búnaðarkaupalið framkvæmdaáætlunar hefur á undanförunum árum verið varið til endurnýjunar á bílum og tækjum.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Rekstrareiningar í B hluta

Garðahús

- Heildarútgjöld vegna Garðahúsa eða félagsíbúða eru áætluð 37 m.kr. árið 2023 og lækka um 1,2 m.kr. Unnið hefur verið að endurskoðun húsaleigu með tilliti til samræmingar miðað við gerð og stærð húsnæðis. Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir að að verja um 150 m.kr. til kaupa á félagsíbúðum á árinu 2023 og 200 m.kr. á árunum 2024 – 2026.

Samveitur

- Jákvæð niðurstaða samveitna er 440 m.kr. Gert er ráð fyrir lækkun á álagningarhlutfalli vatnsgjalds og holræsagjalda. Þrjú stöðugildi sinna störfum fyrir Samveitur og er gert ráð fyrir að fjölga um eitt stöðugildi á árinu 2023. Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á næstu árum vegna vatns- og fráveitumála. Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir 2.640 m.kr. framkvæmdum vegna veitna á næstu fjórum árum.

Rekstur fasteignarinnar Strikið 3

- Garðabær fær leigutekjur frá ríkinu vegna fasteignarinnar Strikið 3 (Ísafold) sem eiga að standa straum af byggingarkostnaði hjúkrunarheimilisins sem bærinn fjármagnaði á sínum tíma. Helstu kostnaðarliðir eru almennur rekstrarkostnaður fasteignarinnar og fjármagnsgjöld.

Efnisyfirlit

Fjárhagsáætlun
í hnotskurn

Forsendur
áætlunar

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARÐABÆR



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Framkvæmdir 2023

Framkvæmdir

Á árinu 2023 er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 6.154 m.kr. Gert er ráð fyrir heimild til lántöku að fjárhæð 4.135 m.kr. sbr. sjóðsstreymisyfirlit og niðurgreiðslu lána að fjárhæð 1.665 m.kr.


Nýframkvæmdir, skólabyggingar

Áætlað er verja 1,2 ma.kr. í nýbyggingu Leikskólans í Urriðaholti og 2,15 ma.kr. í annan áfanga byggingar Urriðaholtsskóla.

Endurbætur húsnæðis og lóða

Einnig verður varið 885 m.kr. í viðhald og endurbætur húsnæðis bæjarins. Þar af verður 600 m.kr. varið í skóla og skólalóðir, 170 m.kr. í íþróttamannvirki, 90 m.kr. í miðbæ Garðabæjar og 25 m.kr. í félagsaðstöðu eldri borgara (Jónshús).

Fyrirhugaðar framkvæmdir 2023



- Nýframkvæmdir, skólabyggingar
- Endurbætur húsnæðis og lóða
- Sjálfbærni og öryggi
- Velferðarþjónusta
- Annað

Sjálfbærni og öryggi

Áætlað er að verja 540 m.kr. í veituverkefni sveitarfélagsins til þess að bæta skilyrði vatns- og fráveita árið 2023.

Velferðarþjónusta

Til velferðarmála er áætlað að verja 300 m.kr. í búsetuúrræði fyrir fatlaða, 20 m.kr. í bætt aðgengi fyrir fatlaða og 150 m.kr. í félagsíbúðir.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Framkvæmdir 2024-2026

Framkvæmdir í þriggja ára áætlun 2024-2026

Alls er áætlað að framkvæmt verði fyrir um 5 ma.kr. á ári á árunum 2024-2026. Framkvæmdir verða fjármagnaðar úr rekstri, auk lántaka.

Nýframkvæmdir

Til nýframkvæmda er áætlað að verja 8,6 ma.kr. á tímabilinu 2024-2026 en þar af verður 4,5 ma.kr. varið í skólabyggingar, 2,5 ma.kr. í íþróttamannvirki og opin svæði, 0,9 ma.kr. í velferðarþjónustu og 0,7 ma.kr. í menningu og mannlífsverkefni.


Endurbætur húsnæðis og lóða

Til endurbóta húsnæðis og lóða er áætlað að fjárfesta 2,2 ma.kr. og munu þar af 1,4 ma.kr. fara í skóla og skólalóðir, 0,5 ma.kr. í íþróttamannvirki og 0,4 ma.kr. er áætlað að verja í Garðatorg/miðbæ.

Framkvæmdir og lántökur á árunum 2024 – 2026

| m.kr. | Framkvæmdir | Lántökur umfram niðurgreiðslu lána | Áætlaður íbúafjöldi |
|-------|-------------|------------------------------------|---------------------|
| 2024 | 4.930 | 2.689 | 19.800 |
| 2025 | 5.100 | 3.344 | 20.300 |
| 2026 | 4.930 | 1.620 | 20.900 |

Áætlaðar fjárfestingar 2024-2026



Sjálfbærni og öryggi

Áætlað er að fjárfesta 2,3 ma.kr. á tímabilinu í sjálfbærni og öryggi. Þar af verður 2,1 ma.kr. varið í framkvæmdir vatns- og fráveita.

Velferðarþjónusta

Í velferðarþjónustu er áætlað að fjárfesta fyrir 1,5 ma.kr. á tímabilinu. Þar af verður fjárfest í búsetuúrræði fyrir fatlað fólk fyrir um 0,6 ma.kr. og í félagsíbúðum fyrir 0,6 ma.kr.

Annað

Í aðrar framkvæmdir verður fjárfest fyrir um 2,3 ma.kr. og munu þar af 0,5 ma.kr. fara í kaup á búnaði, 0,3 ma.kr. í opin leik- og útivistarsvæði og um 0,7 ma.kr. í menningu og mannlífsverkefni.



GARÐABÆR